

**Verslun****IKEA innkallar Heima pizza pepperoni**

Gæti innihaldið umbúðafilmu vegna mistaka í framleiðslu



**IKEA vekur athygli viðskiptavina sem keypt hafa Heima pizza pepperoni á tímabilinu 10.-18. apríl að fyrir mistök gleymdist að taka filmu utan af pepperoni pylsunni fyrir skurð. Filman er úr sellulósa og er ekki skaðleg þótt hún sé innbyrt með pylsunni.**

Innköllunin nær til Heima pizza pepperoni sem selt var á tímabilinu 10.-18. apríl, og er merkt **Best fyrir 22.05.17**. Innköllunin nær til rúmlega 120 seldra pakkninga.

Viðskiptavinum er velkomið að skila vörunni í IKEA og fá hana endurgreidda. Við biðjumst velvirðingar á hvers kyns óþægindum sem þetta kann að valda.

Upplýsingar eru veittar í þjónustuveri í síma 520 2500 og á [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is).